

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/221*  
*komudagur 14.11.2013*



Nefndasvið Alþingis  
Utanríkismálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. nóvember 2013

**Efni: Umsögn BSRB um þingsályktunartillögu um fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína, þskj. 73 - 73. mál**

BSRB leggst gegn þingsályktunartillögu um fullgildingu fríverslunarsamnings ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína.

Þrátt fyrir að mikilvægt sé að koma á góðum samskiptum við önnur ríki telur bandalagið að ekki megi ganga svo langt í þágu afnáms viðskiptahafta að fórna eigi mannréttindum. Ísland er eitt þeirra landa sem leggur hvað mesta áherslu á virðingu við mannréttindaákvæða en Kína aftur á móti stendur sig hvað lakast í þeim efnum á alþjóðavísu.

Öll erlend samtök launafólks sem BSRB á aðild að hafa ályktað sérstaklega um mannréttindabrot og stöðu vinnuafis í Kína. Lögð er áhersla á að bæta þurfi úr og önnur lönd leggi ekki sitt á vogarskálarnar svo að aðstæður launafólks í Kína séu látnar óátaldar. Kína telur sig ekki þurfa að starfa eftir neinum alþjóðlegum reglum um þetta efni en sem dæmi má nefna að ekki er unnið í samræmi við grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnuárástofnunarinnar.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in black ink, reading 'Helga Jónsdóttir', is written over the typed name.

Helga Jónsdóttir  
Framkvæmdastjóri BSRB